# VERSLUNARREKSTUR – VEITINGAÞJÓNUSTA



Súðavíkurhreppur auglýsir eftir áhugasömum og drífandi rekstraraðilum fyrir verslun og veitingarekstur í Grundarstræti 1 í Súðavík. Verslunin er staðsett á jarðhæð í Grundarstræti 1 sem er í stjórnsýsluhúsi Súðavíkurhrepps. Rekstrinum fylgir búnaður til verslunarrekstrar s.s. kassakerfi, hillur og kælar og annar helsti búnaður. Einnig er eldhús inn af verslun og hefur staðurinn rekstrar- og vínveitingarleyfi. Helstu áhöld til veitingaþjónustu og reksturs mötuneytis. Í rekstri felst því almenn verslunarþjónusta og hugsanlega rekstur mötuneytis fyrir Súðavíkurskóla auk þjónustusamnings við Orkuna. Þá eru möguleikar fyrir veitingasölu á staðnum sem er búinn tækjum til létts veitingareksturs. Stór salur er í rými Grundarstrætis búinn borðum og stólum með ýmsa möguleika til móttöku og getur fylgt rekstri.

Rekstur verslunar og veitingaþjónustu er laus frá og með 1. nóvember 2024. Áhugasömum er bent á að sækja  um á netfanginu sudavik@sudavik.is og skal fylgja með stutt samantekt um hugmyndir viðkomandi að rekstri verslunarinnar.

Súðavíkurhreppur.